

**Útgáfa 1.0**  
**1.12.2020**

**VIÐBRAGÐSLEIÐBEININGAR  
FYRIR SKÓLASTOFNANIR**

# Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum

Unnið af vinnuhópi sem skipaður var að SMÍ, í samvinnuvið almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

**RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI  
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

## EFNISYFIRLIT - KAFLASKIPTI

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>4</b>
1.1	MARKMIÐ.....	4
1.2	ÁBYRGÐ.....	4
1.3	ALMENNT UM LEIÐBEININGARNAR.....	4
<b>2</b>	<b>HRYÐJUVERK / OFBELDISATVIK</b> .....	<b>6</b>
2.1	ALMENNAR LEIÐBEININGAR.....	6
2.2	LEIÐBEININGAR FYRIR STARFSFÓLK.....	7
2.3	LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR.....	7
2.4	VERKLAG VIÐ ÁHÆTTUMAT.....	8
<b>3</b>	<b>SPRENGJUHÓTUN EÐA GRUNSAMLEGUR HLUTUR</b> .....	<b>9</b>
3.1	ALMENNAR LEIÐBEININGAR.....	9
3.2	LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK.....	10
3.3	LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR.....	12
<b>4</b>	<b>HÓPSLYS</b> .....	<b>13</b>
4.1	ALMENNAR LEIÐBEININGAR.....	13
4.2	LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK (EKKI BIRT OPINBERLEGA).....	13
4.3	LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR.....	14
<b>5</b>	<b>JARÐSKJÁLFTAR</b> .....	<b>15</b>
5.1	ALMENNAR LEIÐBEININGAR.....	15
5.2	LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK.....	16
5.3	LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR.....	16
<b>6</b>	<b>ELDGOS</b> .....	<b>17</b>
6.1	ALMENNAR LEIÐBEININGAR.....	17
6.2	LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK (EKKI BIRT OPINBERLEGA).....	17
6.3	LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR.....	18
<b>7</b>	<b>OFANFLÓÐ</b> .....	<b>20</b>
7.1	ALMENNAR LEIÐBEININGAR.....	21
7.2	LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK.....	24
7.3	LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR (EKKI BIRT OPINBERLEGA).....	24
<b>8</b>	<b>EITUREFNASLYS / - ATVIK</b> .....	<b>25</b>
8.1	ALMENNAR LEIÐBEININGAR.....	25
8.2	LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK (EKKI BIRT OPINBERLEGA).....	27
8.3	LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR.....	27
<b>9</b>	<b>SÝKLAR</b> .....	<b>28</b>
9.1	ALMENNAR LEIÐBEININGAR.....	28
9.2	LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK.....	29
9.3	LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR.....	30
9.4	LEIÐBEININGAR VEGNA AUKINNAR HÆTTU VEGNA SMITS.....	31
<b>10</b>	<b>GEISLAVÁ- ATVIK</b> .....	<b>32</b>
10.1	ALMENNAR LEIÐBEININGAR.....	32
10.2	LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK.....	32
10.3	LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR.....	33
<b>11</b>	<b>VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFÖLLUM</b> .....	<b>34</b>
11.1	FYRSTU VIÐBRÖGÐ.....	34
11.2	VIÐBRÖGÐ VIÐ ANDLÁTI.....	35
11.3	VIÐBRÖGÐ VIÐ ANDLÁTI NEMANDA.....	35
11.4	VIÐBRÖGÐ VIÐ ANDLÁTI STARFSMANNNS.....	35
11.5	VIÐBRÖGÐ VIÐ ANDLÁTI NÁKOMINS ÆTTINGJA NEMANDA.....	36
<b>12</b>	<b>VIÐAUKAR</b> .....	<b>38</b>

12.1 BREYTINGASAGA..... 38

## 1 INNGANGUR

Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum segja fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða ef hættuástand kemur upp í skólastofnuninni eða í starfsemi á vegum skólastofnunarinnar eða í starfsemi á vegum hennar. Þær eru unnar af fulltrúum starfshóps sem skipaður er af SMÍ í samstarfi við almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Landlæknisembættið.

Athugið að leiðbeiningarnar fylgja viðbragðsáætlun skólans. Þessi tvö skjöl tengjast, annars vegar er um áætlun að ræða sem nær til allra atburða og hins vegar leiðbeiningar, sem eru sérsniðnar að mismunandi vá.

### 1.1 MARKMIÐ

Markmið leiðbeininga um viðbrögð í neyðartilvikum er að tryggja skipulögð viðbrögð og að nauðsynleg aðstoð berist á sem skemmstum tíma ef hættuástand skapast. Leiðbeiningarnar segja til um fyrstu viðbrögð en fela ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur t.d. lögreglustjóri ákveðið breytingu á skipulagi með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

### 1.2 ÁBYRGÐ

Neyðarstjórn ber ábyrgð á virkni leiðbeininganna, uppfærslum og lagfæringum á þeim. Leiðbeiningarnar skal uppfæra á a.m.k. fimm ára fresti í samráði við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Leiðbeiningarnar skal einnig yfirfara strax að lokinni æfingu og/eða ef þær hafa verið virkjaðar.

Skólameistari skal sjá til þess sjá til þess að allir þættir leiðbeininganna í hverjum kafla í hverjum kafla séu æfðir að minnsta kosti á fimm ára fresti. Halda skal skráningu um æfinguna og tillögur að úrbótum. Halda skal skráningu um æfinguna og tillögur að úrbótum. Einnig skal hann stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð neyðarstjórnar. Æskilegt er að hafa samráð við almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og aðra viðbragðsaðila þegar leiðbeiningarnar eru æfðar.

Leiðbeiningarnar styðjast við lög nr. 82/2008 um almannavarnir, 6. grein lögreglulaga nr. 90/1996, 2. grein brunavarnalaga nr. 75/2000, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög og reglugerðir á sviði sóttvarna, eiturefna, geislavirka efna og smitsjúkdóma, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 og reglugerð um gerð viðbragðsáætlana nr. 323/2010.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008082.html>

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996090.html>

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000075.html>

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998007.html>

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007041.html>

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/323-2010>

<https://www.velferdarraduneyti.is/log-og-reglugerdir/forvarnir/>

<http://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/vidbunadur-gegn-va/>

### 1.3 ALMENNT UM LEIÐBEININGARNAR

Leiðbeiningarnar eru verkfæri sem beitt er til að styðja við aðgerðir til að takast á við ýmis konar alvarlega atburði.

Í framhaldi af leiðbeiningunum skal skoða mismunandi sviðsmyndir og mögulegan viðbúnað við mismunandi atvikum. Slík áhættugreining skal bæði ná til umhverfislegra og samfélagslegra ógna.

Leiðbeiningarnar skulu ná til allra þeirra sem geta orðið fyrir hættu; nemenda, starfsfólks, viðskiptavina/gesta og aðstandenda.

Leiðbeiningarnar skal nýta sem verkfæri til að takast á við neyðaratvik á eins góðan og skilvirkan hátt og hægt er. Með jöfnu millibili skal því fara yfir aðstæður eða sviðsmyndir sem geta orsakað hættu, þá skal skipuleggja og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr möguleikum á að óæskileg alvarleg atvik geti komið upp. Greiningar og hættumat skal vera í samræmi við áhættumat lögreglu, almannavarna og landlæknis.

Nauðsynlegt er að halda reglulegar æfingar til að skoða viðbrögð og þróa þekkingu og færni í að takast á við neyðartilvik. Slíkar æfingar hafa jafnframt fræðslu- og forvarnargildi.

Lögreglustjórar fara með stjórn neyðaraðgerða og er því mikilvægt að vera í góðum samskiptum við lögreglu við æfingar á neyðarviðbrögðum. Halda skal öryggisþjónustu (öryggisfyrirtæki sem skipt er við) utan stofnunarinnar upplýstu um æfingar og óska eftir þátttöku hennar eftir atvikum. Reglulega skal gera úttekt og greiningu á þörfum eigin öryggisbúnaðar sem getur verið mismunandi eftir svæðum og/eða byggingum.

Undir leiðbeiningarnar rita nafn sitt til staðfestingar gildistöku; Skólameistari og aðrir sem skipaðir eru í neyðarstjórn í stofnuninni.

## 2 HRYÐJUVERK / OFBELDISATVIK

Hryðjuverkaárás er skilgreind hér sem hver sú árás sem beint er gegn nemendum og/eða starfsmönnum skólans af vopnuðum einstaklingum.

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur skal hlýða fyrirmælum hennar.

### 2.1 ALMENNAR LEIÐBEININGAR

#### 1. Flýðu

- Þegar þið komið inn í rými, glöggvið ykkur á neyðarútgöngum
- Forðist árásarstað, finnið öruggt skjól fjarri honum
- Ekki kasta neinu frá þér eða fara til baka til að sækja eitthvað sem gæti vakið athygli á þér, fyrr en heimild er fengin frá þeim sem stjórna á vettvangi
- Gætið þess að fara ekki í sjónlínu árársmanns eða manna
- Ef enginn starfsmaður er nærri verða nemendur sjálfir að ákveða hvar sé öruggast að fela sig eða hvaða leið er öruggasta flóttaleið
- Hjálpið öðrum eftir því sem mögulegt er að komast í öruggt skjól
- Varið aðra við sem hyggjast fara inn á hættusvæðið ef það er mögulegt

#### 2. Feldu þig

- Þessar leiðbeiningar eiga einungis við ef ekki er hægt að komast í burtu frá hættu
- Lokaðu þig inni eins fjarri árársmanni og mögulegt er, læstu hurð og settu eitthvað þungt fyrir dyrnar
- Ef enginn starfsmaður er til staðar verða nemendur sjálfir að ákveða hvar sé öruggast að fela sig
- Slökktu á tölvum og ljósum og gættu þess að hátalarar séu ekki í gangi
- Haltu þig fjarri gluggum og leggstu í gólfið
- Ef þú kemst ekki í lokað rými, feldu þig bak við eins sterkan flöt og mögulegt er, til dæmis steinvegg
- Slökktu á hringingu og titringi í farsímanum og gættu þess að ljós sjáist ekki frá honum
- Reyndu að róa og hughreysta samnemendur

#### 3. Láttu vita

- Hringið í 112 þegar þið eruð komin í öruggt skjól
- Hlýðið öllum fyrirmælum lögreglu og yfirvalda
- Ekki hlaupa að lögreglumönnum þegar þeir koma eða sýna þeim ógnvekjandi tilburði
- Haldið höndum uppi og lófa opnum þegar þið gangið að lögreglu
- Veitið lögreglu og starfsfólki skólans allar upplýsingar
- Aðstoðið starfsfólk og lögreglu við að fá yfirsýn og hvar aðrir eru niðurkomnir.
- Upplýsið næsta starfsmann skólans ef um er að ræða árás eða ofbeldishegðun
- Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á Internetinu

## 2.2 LEIÐBEININGAR FYRIR STARFSFÓLK

- Reyna að koma nemendum burt frá hættunni. Hringja í 112 (lögreglu) og ef hægt er, setja sig í samband við stjórnendur skólans
- Meta hvort einhver er meiddur, alvarlega slasaður eða særður
- Starfsmenn þurfa að meta, út frá aðstæðum, hvort öruggara sé að rýma eða læsa að sér þegar hætta er yfirvofandi.
- Helst að fela sig og nemendur í rými þar sem hægt er læsa að sér innan frá. Ef skotárás eða árás með eggvopni er yfirstandandi skal aðeins flýja ef staðsetning geranda er þekkt og útganga er auðveld og örugg fyrir nemendur
- Starfsfólk skal halda sig hjá nemendum þar til lögregla eða stjórnendur gefa fyrirmæli um til hvaða aðgerða skuli grípa
- Ekki skal setja nemendur í hendur ókunnugra
- Reynt skal að halda skrá yfir þá nemendur sem fara úr ykkar umsjá í hendur foreldra, lögreglu, annarra viðbragðsaðila. Mikilvægt er að reyna eftir fremsta megni að skrá niður tímasetningar og hver tekur við nemandanum
- Ekki velta vöngum um ástandið í samskiptum við nemendur. Vertu viss um að skilja aðstæður og hvert ástandið er áður en þú framkvæmir. Fylgja skal innri verklagsreglum um hvaða upplýsingar á að gefa út eða endurtaka
- Reynt skal eftir föngum að halda nemendum frá ljótum aðstæðum og viðkvæmum vettvangi
- Ekki spilla ummerkjum á vettvangi vegna rannsóknarhagsmuna lögreglu. Minna aðra á að hrófla ekki við neinu
- Starfsfólk sem ekki er með nemendur skal sinna öðrum verkefnum og hlutverkum samkvæmt viðbragðsáætlun skólans þar til lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á vettvang

## 2.3 LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR

- Hringja strax í Neyðarlínuna 112
- Upplýsa lögreglu um stöðu mála eins fljótt og hægt er
- Senda boð með viðvörðunarkerfi, til nemenda og starfsfólks, ef þau eru til staðar
- Stjórnendur og starfsfólks skólans verða að leggja sjálfstætt mat á hvað hægt er að gera og forgangsraða
- Meginhlutverkið er að vernda og annast nemendur
- Lögregla og viðbragðsaðilar (AST (aðgerðastjórn)) eru látin vita hvar stjórnendur skólans eru niður komnir
- Foreldrum og öðrum aðstandendum er vísað á fyrirfram ákveðinn stað (SSA (söfnunarsvæði aðstandenda)) eða SSP (söfnunarsvæði þolenda))
- Talning á nemendum og starfsliði skólans er framkvæmd eins fljótt og hægt er og reynt að ná yfirsýn
- Vera meðvituð um að spilla ekki ummerkjum á vettvangi vegna rannsóknarhagsmuna lögreglu. Minna aðra á að hrófla ekki við ummerkjum eða rannsóknargögnum
- Reyna, eins og við á, að halda nemendum upplýstum um hvað er að gerast
- Tryggja að sömu upplýsingum verði miðlað til allra nemenda. Ef mögulegt, upplýsa nemendur í einstökum kennslustofum, ekki í stórum hópum
- Upplýsa aðstandendur, í samráði við lögreglu, eins fljótt og hægt er
- Hafa samráð við lögreglu vegna samskipta við fjölmiðla

## 2.4 VERKLAG VIÐ ÁHÆTTUMAT

Neyðarstjórn skólans tekur á móti tilkynningum um hótanir og annars konar ofbeldishegðun sem beinist gegn starfsfólki og nemendum. Hlutverk hennar er að útbúa atvikaskýrslur með upplýsingum úr viðtölum við alla málsaðila. Skýrslan er síðan notuð til að gera áhættumat og taka ákvarðanir um mótvægisáðgerðir og næstu skref. Áhættumat gæti innihaldið eftirfarandi upplýsingar:

Nafn gerandans og tengsl hans eða hennar við skólann eða þann aðila sem tók við hótun eða varð vitni að ofbeldishegðun

Nöfn þolenda/fórnarlamba eða hugsanlegra fórnarlamba/þolenda

Hvenær og hvar atvik átti sér stað

Hvað gerðist fyrir atvikið

Sérstakt orðalag eða orðanotkun í hótun

Sérstök háttsemi sem gæti gefið til kynna að gerandi ætli að fylgja hótunum sínum eftir

Framkoma, hegðun og háttalag þess sem bar fram hótun eða sýndi af sér ofbeldishegðun

Nöfn annarra sem tengjast atvikinu og með hvaða hætti þeir tengjast því

Hvernig lauk atvikinu

Nöfn vitna

Hvað varð um þann sem bar fram hótun eða sýndi af sér ofbeldisfulla hegðun

Hvað varð um aðra sem tengdust atvikinu

Nöfn starfsliðs skólans sem tengdist atvikinu og hver þeirra viðbrögð voru

Af hverju upphófst atvikið, hver var kveikjan

Hver er forsaga málsins

Þau skref sem hafa verið tekin til að tryggja að hótun verið ekki framfylgt, þar með talin þau inngrip sem gerð hafa verið

Tillögur að áðgerðum til að hindra að samskonar atvik komi upp aftur

Mikilvægt er að útbúa skráningarkerfi sem neyðarstjórn getur notað til að safna upplýsingum og gögnum vegna þeirra mála sem upp koma. Tryggja þarf örugga vörslu skráningarkerfisins og aðskilnað frá öðrum gagnakerfum.



### 3 SPRENGJUHÓTUN EÐA GRUNSAMLEGUR HLUTUR

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur, skal hlýða fyrirmælum hennar.

Mestar líkur eru á að sprengjuhótun berist símleiðis en einnig með skilaboðum sem hafa verið rituð einhvers staðar, með tölvupósti, munnlega í samtali eða með öðrum hætti. Hverja hótun ætti að meðhöndla í samræmi við þær aðstæður og það umhverfi sem er fyrir hendi hverju sinni. Lögreglan og stjórnendur skólastofnunar eru best til þess fallnir að meta trúverðugleika hótunar.

#### 3.1 ALMENNAR LEIÐBEININGAR

- Halda ró sinni
- Hringja í neyðarlínuna 112 og óska eftir lögreglu. Láta stjórnendur skólans strax vita
- Hótun í gegnum síma:
  - Reyna að halda þeim sem hringir í símanum eins lengi og hægt er
  - Sýna kurteisi og halda samtalinu áfram
  - Reyna að láta þá sem eru umhverfis þig vita með einhverjum hætti svo þeir geti mögulega hlustað með þér eða látið stjórnendur vita
  - Skrifja hjá sér eins mikið af upplýsingum og hægt er, símanúmer, orðalag, lýsingu á rödd og hegðun – upplýsingar gætu hjálpað lögreglu. (Nota gátlista hér fyrir neðan ef mögulegt er)
  - Taka samtalið upp ef það er hægt
- Hótun sem berst munnlega í samtali
  - Taka eftir hvert viðkomandi fór eftir að samtalinu lauk
  - Hringja í 112, lögregluna og upplýsa stjórnendur skólans
  - Reyna að skrifa hótunina niður eins og hún var sögð orðrétt
  - Taka eftir útliti og hegðun þess sem bar hótunina fram:
    - Nafn
    - Litarhaft
    - Kyn
    - Fatnaður (litur og merki)
    - Líkamsbygging
    - Augnlitur, háralitur og hárvöxtur
    - Ef það er eitthvað sem sker sig úr við útlit
    - Rödd, raddblær, tungumálahreimur
- Rituð hótun:
  - Snerta, það sem ritað var á, eins lítið og hægt er.
  - Hringja í 112, lögregluna og láta stjórnendur skólans vita
  - Endurskrifa hótunina á annað blað og skrá einnig:
    - Dagsetningu, tíma og staðsetningu þegar hótunin barst.
    - Lýsa aðstæðum og staðsetningu þegar hótunin barst
    - Fullt nafn allra þeirra sem séð hafa hótunina
    - Það sem hótun var skrifuð á skal ekki átt við eða það hreyft úr stað
- Hótun með tölvupósti:
  - Halda viðkomandi tölvupósti opnum á tölvunni
  - Hringja í 112, lögregluna og láta stjórnendur skólans vita
  - Prenta út-, taka afrit af-, taka skjámynd eða ljósmynd af tölvupóstinum og skrá dagsetningu og tíma

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á Internetinu.

Yfirvöld meta trúverðugleika hótunarinnar og ákveða hvort möguleg ógn sé til staðar. Vera reiðubúin að svara spurningum yfirvalda og fylgja þeim leiðbeiningum sem þú færð frá lögreglu og/eða stjórnendum skólastofnunar varðandi leit að hlutum í nærumhverfi, lokunum og rýmingu.

**Ef grunsamlegur hlutur finnst:**

Ef nemandi eða starfsmaður í skóla finnur eða sér hlut sem virðist grunsamlegur skal fylgja neðangreindum leiðbeiningum:

- Halda ró sinni
- Ekki snerta eða hreyfa við hlutnum
- Hringja í 112, lögregluna og láta stjórnendur skólans vita
- Útskýra af hverju hluturinn telst grunsamlegur
- Fara eftir þeim leiðbeiningum sem verða gefnar. Yfirvöld munu meta aðstæður og gefa fyrirmæli um hvað skuli gera næst.
- Ef hætta er á ferðum skal fara í burtu og leita skjóls frá grunsamlegum hlut. Fjarlægð og skjól eru besta vörnin ef um sprengju er að ræða.
- Fara skal gætilega, hættulegir hlutir gætu leynst annars staðar í námunda við þann sem þegar hefur fundist.

**Hvað er grunsamlegur hlutur?**

Grunsamlegur hlutur getur verið hvaðeina sem talið er geta innihaldið sprengiefni, heimatilbúna sprengju eða önnur hættuleg efni. Hluturinn gæti til dæmis verið taska, böggull, kassi, bifreið eða annar hlutur sem vekur grunsemdir. Þannig hlutur getur þurft að rannsaka nánar og meðhöndla af sprengjusérfræðingum. Grunsamlegar vísbendingar geta verið sprengjuhótanir, staðsetning hlutar og nálægð hlutar við fjölsóttan staði og mikilvæga innviði. Aðrar grunsamlega vísbendingar geta til dæmis verið vírar eða torkennilegur rafeindabúnaður sem festur er við grunsamlegan hlut. Einnig torkennileg hljóð, lykt eða gufur sem berast frá grunsamlegum hlut.

Almennt séð, ef hlutur er augljóslega grunsamlegur og tilheyrir augljóslega ekki í því umhverfi sem hann er í eða reynt hefur verið að fela hann, ætti hluturinn að teljast grunsamlegur.

## 3.2 LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK

Flestar sprengjuhótanir berast símléiðis. Sprengjuhótanir á að taka alvarlega. Bregðist fljótt við.

Trúverðugleiki sprengjuhótunar er metinn og í framhaldinu gætu yfirvöld ákveðið að framkvæma leit á þeim stað sem hótun beinist gegn og nærliggjandi svæðum. Í þannig leit er fyrst og fremst verið að leita að grunsamlegum hlutum. Þeir sem best eru til þess fallnir að leita eru þeir sem þekkja- og starfa á því svæði sem hótun beinist gegn.

**Leiðbeiningar fyrir leit að torkennilegum hlutum:**

- Stjórnendur skipuleggja leitarsvæði
- Virkja þá sem þekkja sín starfssvæði í leitina
- Skipuleggja leitarsvæði og leitarhópa
- Framkvæma fyrst sjónleit á úthlutuðu leitarsvæði
- Leita eftir hlutum sem augljóslega tilheyra ekki í því umhverfi sem þeir eru í
- Leita í hillum, í skápum, á syllum, svölum, ruslakörfum, yfir fölskum loftum og undir fölskum gólfum
- Vera vakandi fyrir óvenjulegri lykt og hljóðum
- Ef eitthvað grunsamlegt finnst, biðja fólk um að fara frá og tilkynna fundinn til lögreglu og þeirra sem stjórna leitinni.
- Forðast að nota síma og önnur fjarskiptatæki nálægt grunsamlegum hlut

Gátlista vegna sprengjuhótunar væri hægt að setja inn á sérstakt vefsvæði fyrir starfsmenn og kennara.

**GÁTLISTI VEGNA SPRENGJUHÓTUNAR**  
**VERTU RÓLEGUR – VINGJARNLEGUR - HALTU SAMBANDINU, EKKI LEGGJA Á.**  
**REYNDU AÐ VEKJA ATHYGLI SAMSTARFSFÓLKS Á MÁLINU TIL AÐ FÁ AÐSTOÐ VIÐ AÐ TILKYNNNA**  
**LÖGREGLU UM MÁLIÐ Á SAMA TÍMA.**

Dags: _____	Kl: _____
-------------	-----------

**A.** Skráðu niður tilkynninguna eins orðrétt og mögulegt er:

---



---



---



---

**B.** Spurðu spurninga til að reyna að staðreyna hvort hótunin sé trúverðug eður ei. Biddu viðkomandi að endurtaka ef mögulegt er.

Dæmi um spurningar:

Hvar er sprengjan? \_\_\_\_\_

Hvenær springur hún? \_\_\_\_\_

Hvernig lítur hún út? \_\_\_\_\_

Hvernig sprengiefni er notað? \_\_\_\_\_

Hversu mikið sprengiefni? \_\_\_\_\_

Hvers vegna gerir þú þetta? \_\_\_\_\_

Hver ertu? (nafn, heimili) \_\_\_\_\_

**C.** Svvaraðu eftirfarandi spurningum og merktu við viðeigandi reiti.

**Röddin er :** \_\_\_sterk \_\_\_óskýr \_\_\_veik \_\_\_mjúk \_\_\_dimm \_\_\_skær

**Málfar er:** \_\_\_virðulegt \_\_\_hægt \_\_\_stamandi \_\_\_hraðmælt \_\_\_kurteist \_\_\_slangur \_\_\_þvoglumælt

**Tungumál:** \_\_\_íslenska \_\_\_útlenska Hvaða land? \_\_\_\_\_

Framburður: \_\_\_\_\_

**Framkoma:** \_\_\_æstur \_\_\_ölvaður \_\_\_rólegur \_\_\_ákveðinn \_\_\_taugaveiklaður \_\_\_hlæjandi \_\_\_reiður  
 \_\_\_fáránlegur

**Bakgrunnshljóð:** \_\_\_vélarhljóð \_\_\_umferðarniður \_\_\_vélritunarhljóð \_\_\_raddir \_\_\_tónlist

\_\_\_flugvélahljóð \_\_\_samkvæmiskliður \_\_\_hvísl \_\_\_pískur \_\_\_þögn

\_\_\_annað \_\_\_\_\_

**D.**

Nafn þitt: \_\_\_\_\_ Dagsetning: \_\_\_\_\_

Tími: \_\_\_\_\_

Kyn þess sem hringdi: \_\_\_\_\_ Aldur: \_\_\_\_\_

Fannst þér koma fram í samtalinu að viðkomandi væri kunnugur flugvélum eða byggingum sem hótunin beinist gegn?

---

**Gátlista þennan skal fylla út og koma honum strax til lögreglu !**

### 3.3 LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR

- Hafa samráð við lögreglu og aðra viðbragðsaðila til að tryggja rétt og skipulögð viðbrögð við sprengjuhótun eða ef grunsamlegur hlutur finnst.
- Virkja neyðarstjórn skólans
- Meta trúverðugleika hótunar í samráði við lögreglu
- Upplýsa viðbragðsaðila um söfnunarsvæði fyrir nemendur og starfsfólk (SSP (söfnunarsvæði þolenda))
- Hefta aðgang að stað sem hótun beinist gegn, ef það er hægt
- Tryggja gögn úr eftirlitsmyndavélum (ef til staðar)
- Virkja leitarSKIPULAG og leitarTEYMI ef talin er þörf á að leita eftir grunsamlegum hlut eða hlutum:
  - Upplýsa starfsfólk skólans um ástandið og virkja það í að framkvæma sjónleit á starfssvæðum sínum
  - Reyna eins og hægt er að fá yfirsýn yfir starfsfólk, hvar það er og hvaða verkefnum það er að sinna
  - Skipuleggja starfsfólk í leitar- eða rýmingarteymi
- Senda viðeigandi tilkynningar til nemenda og starfsfólks um rýmingar og lokanir
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla, hafa samráð við lögreglu varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla
- Upplýsa aðstandendur með skilaboðum (SMS eða tölvupósti)

## 4 HÓPSLYS

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur skal hlýða fyrirmælum hennar

Hópslys geta verið slys í húsnæði skólans, viðburði á vegum skólans eða í skipulagðri ferð.

Mikilvægt er að enginn hópur nemenda ferðist frá skóla án þess að nöfn og nánustu aðstandendur séu skráðir á lista yfir þá sem eru í ferðinni. Listinn skal vera aðgengilegur fyrir neyðarteymi skólans fyrirvaralaust ef á þarf að halda í skólastofnuninni sjálfri og starfsmaður í ferð skal hafa afrit af listanum meðferðis.

Sé farið í ferð á vegum skólans skal starfsmaður skóla yfirfara þessar leiðbeiningar áður en ferð hefst og hafa þær með í för.

### 4.1 ALMENNAR LEIÐBEININGAR

- Hringja í 112 og óska eftir lögreglu, upplýsa um hvað gerðist, hvernig, hvenær og u.þ.b. hversu margir slasaðir
- Starfsmaður skóla stýrir á vettvangi þar til viðbragðsaðilar koma og virkjar þá til aðstoðar sem tilbúnir eru til þess
- Koma í veg fyrir frekari slys
- Veita almenna skyndihjálp <https://skyndihjalp.is/namsefni/appid/>
- Veita almenna áfallahjálp ef mögulegt er
- Veita viðbragðsaðilum þær upplýsingar sem beðið er um
- Aðstoða lögreglu og aðra viðbragðsaðila á vettvangi
- Fara á söfnunarsvæði þolenda (SSP)
- Ekki fara af söfnunarsvæði þolenda án þess að láta skrá nafn og hvert er farið

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á Internetinu.

Farið eftir leiðbeiningum úr 10. kafla „Viðbrögð við áföllum“.

### 4.2 LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK (EKKI BIRT OPINBERLEGA)

- Tilkynna alvarleg slys til neyðarlínu, síma 112 og óska eftir lögreglu
- Koma í veg fyrir frekari slys
- Veita almenna skyndihjálp <https://skyndihjalp.is/namsefni/appid/>
- Hafa strax samband við stjórnendur skólastofnunar
- Skipuleggja og veita almenna áfallahjálp ef mögulegt er
- Virkja nemendur til aðstoðar sé þess kostur
- Starfsmaður sem kemur að slysi skráir hjá sér vitni sem voru að atburðinum og kemur til neyðarstjórnar skóla
- Koma upplýsingum um þolendur til neyðarstjórnar skóla (Nöfn, líðan og hvert þeir verða fluttir af viðbragðsaðilum)
- Aðstoða lögreglu og aðra viðbragðsaðila á vettvangi
- Fara á söfnunarsvæði þolenda (SSP)
- Ekki fara af söfnunarsvæði þolenda án þess að láta skrá nafn og hvert er farið

#### 4.3 LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR

- Virkja neyðarstjórn viðkomandi skólastofnunar
- Samskipti við lögreglu eru í höndum neyðarstjórnar
- Hafið samráð við lögreglu vegna samskipta við aðstandendur
- Neyðarstjórn annast persónuleg mál nemenda sem tengjast slysinu
- Samskipti við foreldra og aðstandendur eru í höndum neyðarstjórnar og þeirra sem hún tilnefnir til þess verkefnis eins og þurfa þykir
- Starfsmenn neyðarstjórnar fá upplýsingar og sjá um að halda boðleiðum opnum
- Senda viðeigandi tilkynningar til nemenda og starfsfólks í samráði við lögreglu
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla, hafa samráð við lögreglu varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla
- Hafa aðstandendalista tiltækan svo hægt sé með skjótum hætti að senda skilaboð eða veita lögreglu upplýsingar


## 5 JARÐSKJÁLFTAR

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur skal hlýða fyrirmælum hennar

Kynna reglulega fyrir starfsfólki og nemendum viðbrögð við jarðskjálftum

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/jarðskjalftar/>

**KRJÚPA – SKÝLA – HALDA** -er orðaröð sem rétt er að leggja á minnið.



Út í horni við burðarvegg eða krjúpa undir borð, skýla höfði og halda sér í.

**Ef þú ert innandyrá þegar þegar jarðskjálfti byrjar– ekki hlaupa af stað:**

- Haltu kyrru fyrir
- Farðu undir borð eða önnur sterkbyggð húsgögn og haltu þér í
- Krjúptu niður í horni við burðarvegg eða hurðarop við burðarvegg
- Verðu höfuð þitt og andlit
- Haltu þig frá gluggum
- Láttu vita af þér þegar jarðskjálftinn hættir

**Ef þú er utandyra þegar þú finnur jarðskjálfta – ekki hlaupa inn:**

- Vertu áfram úti
- Ekki vera nálægt háum byggingum sem geta hrunið eða háum trjám
- Grjóthrun, skriður og snjóflóð geta fallið úr hlíðum og fjallendi
- Raflínur geta verið hættulegar – varist að snerta þær
- Reyndu að komast á opið svæði þar sem byggingar þrengja ekki að

**Ef þú ert að keyra bíl þegar þú finnur jarðskjálfta:**

- Leggðu bílnum og stoppaðu. Vegir og brýr geta skemmst í jarðskjálfta
- Hafðu sætisbeltin spennt
- Haltu kyrru fyrir í bílnum þar sem hann getur varið þig gegn brotum og braki sem fer af stað í jarðskjálfta

### 5.1 ALMENNAR LEIÐBEININGAR

- Við jarðaskjálfta er mikilvægt að allir fari eftir leiðbeiningum hér að ofan
- Halda ró sinni
- Þegar skjálfti er genginn yfir skal hafa samband við neyðarlínu síma 112 eða lögreglu og láta vita af fjölda einstaklinga sem eru á staðnum og lýsa aðstæðum
- Veita almenna skyndihjálp og vera meðvituð um eftirskjálfta

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annarsstaðar á Internetinu.

## 5.2 LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK

- Við jarðskjálfta skal kennari eða starfsmaður leitast við að stjórna því að nemendur og aðrir sem eru á staðnum bregðist við eins og fram kemur hér að ofan
- Halda ró sinni
- Þegar skjálfti er genginn yfir skal hafa samband við neyðarlínu síma 112 eða lögreglu og láta vita af fjölda einstaklinga sem eru á staðnum og lýsa aðstæðum
- Reyna að koma nemendum burt frá hættu
- Meta hvort einhver er meiddur eða alvarlega slasaður og veita almenna skyndihjálp
- Aðstoða lögreglu og aðra viðbragðsaðila á vettvangi
- Reyna skal eftir föngum að halda nemendum frá ljótum aðstæðum og viðkvæmum vettvangi
- Starfsfólk skal sinna verkefnum samkvæmt viðbragðsáætlun skólans þar til lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á vettvang

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annarsstaðar á Internetinu.

## 5.3 LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR

### Sé aukin virkni jarðskjálfta og hættu á stórum skjálfta skal:

- Virkja neyðarstjórn viðkomandi skólastofnunar
- Afla upplýsinga og meta áhættu
- Halda boðleiðum opnum til viðbragðsaðila
- Við skilgreint óvissustig skal fara yfir húsnæði skólastofnunar og tryggja að hættu og tjón á eignum skapist síður við stóran jarðskjálfta
- Stjórna því að viðbragð við jarðskjálftum sé æft sérstaklega

### Eftir stóran jarðskjálfta:

- Hafa samband við neyðarlínu síma 112 eða lögreglu og láta vita af fjölda einstaklinga sem eru á staðnum og lýsa aðstæðum
- Samskipti við lögreglu eru í höndum neyðarstjórnar og skólameistara
- Samskipti við foreldra og aðstandendur eru í höndum neyðarstjórnar í samráði við lögreglu
- Reyna að koma nemendum burt frá hættunni
- Meta hvort einhver er meiddur eða alvarlega slasaður og veita almenna skyndihjálp
- Aðstoða lögreglu og aðra viðbragðsaðila á vettvangi
- Reyna skal eftir föngum að halda nemendum frá ljótum aðstæðum og viðkvæmum vettvangi
- Starfsfólk skal sinna öðrum verkefnum samkvæmt viðbragðsáætlun skólans þar til lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á vettvang
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla í samráði við lögreglu
- Upplýsa aðstandendur
- Hafa aðstandendalista tiltækan svo hægt sé með skjótum hætti að senda skilaboð eða veita lögreglu upplýsingar



**6 ELDGOS**

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur skal hlýða fyrirmælum hennar

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér, t.d. með jarðskjálftum og óróa sem greinast á mælum. Hætta vegna eldgosa stafar helst af eitruðum gastegundum, jökulhlaupum, öskufalli og eldingum.

Nánari upplýsingar og tilkynningar er hægt að finna á [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)

**6.1 ALMENNAR LEIÐBEININGAR**

- Aftengja skal öll rafmagnstæki frá straumgjafa þegar gosmökk leggur yfir byggð
- Hlifa viðkvæmum raftækjum t.d. með plasti eða álíka umbúðum og taka ekki utan af þeim fyrr en búið er að hreinsa upp alla ösku í kringum þau
- Byrgja glugga sem snúa að eldstöð meðan gos varir og loka fyrir reykháf vegna öskufalls
- Loka hurðum og gluggum. Þetta glugga ef með þarf
- Setja rök handklæði fyrir þröskulda og annars staðar til að koma í veg fyrir dragsúg og halda sigið ykkur sem mest innandyra í öskufalli
- Forðast að vera í nánd við loftlínur, hávaxin tré, staura, þvottasúrur, rafmagnsvirki, möstur og farartæki hvers konar
- Dvelja ekki á flatlendi meðan hætta er talin á jökulhlaupi
- Ekki halda á hlutum sem leitt geta rafmagn
- Koma sér stystu leið út úr öskufalli með því að fara þvert á vindátt
- Setja grímu, vasaklút eða fatnað fyrir nef og munn, og augnhlífur fyrir augu ef nauðsynlegt er að vera úti í öskufalli
- Fólk sem þjáist af langvinnum hjarta- og lungnasjúkdómum haldi sig innandyra og forðist að komast í snertingu við ösku að óþörfu
- Halda sig þar sem vindur blæs
- Fara alls ekki niður í lægðir og djúpar lautir eða kjallara, þar sem gas kann að safnast fyrir. Gasið er banvænt eitur og í flestum tilvikum lyktarlaust og ósýnilegt
- Hlusta eftir tilkynningum og fréttum í fjölmiðlum og fara eftir þeim fyrirmælum sem kunna að vera gefin
- Fylgjast vel með veðurfregnum og öskufalls- og gasspám

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annarsstaðar á Internetinu.

**6.2 LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK (EKKI BIRT OPINBERLEGA)**

- Hafa samband við neyðarlínu síma 112 eða lögreglu
- Reyna að koma nemendum burt frá hættunni
- Hafa strax samband við stjórnendur skólafögnu
- Meta hvort einhver er meiddur eða alvarlega slasaður og veita almenna skyndihjálp
- Aðstoða lögreglu og aðra viðbragðsaðila á vettvangi
- Reyna skal eftir föngum að halda nemendum frá ljótum aðstæðum og viðkvæmum vettvangi
- Starfsfólk skal sinna öðrum verkefnum og hlutverkum samkvæmt viðbragðsáætlun skólans þar til lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á vettvang

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annarsstaðar á Internetinu.

### 6.3 LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR

- Hafa samband við neyðarlínu síma 112 eða lögreglu
- Virkja neyðarstjórn viðkomandi skólastofnunar eftir þörfum
- Samskipti við foreldra og aðstandendur eru í höndum neyðarstjórnar og þeirra sem hún tilnefnir til þess verkefnis eins og þurfa þykir
- Hafa samráð við lögreglu vegna samskipta við aðstandendur
- Samskipti við lögreglu eru í höndum neyðarstjórnar og skólameistara.
- Starfsmenn neyðarstjórnar fá upplýsingar og sjá um að halda boðleiðum opnum
- Senda viðeigandi tilkynningar til nemenda og starfsfólks í samráði við lögreglu
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla, hafa samráð við lögreglu varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla
- Upplýsa aðstandendur
- Hafa aðstandendalista tiltækan svo hægt sé með skjótum hætti að senda skilaboð eða veita lögreglu upplýsingar



## 7 OFANFLÓÐ

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla og/eða björgunaraðilar koma skal hlýða fyrirmælum þeirra.

Ofanflóð geta verið annarsvegar snjóflóð og hinsvegar skriður. Sumir skólar eru á þekktum snjóflóðasvæðum svo sem á Austurlandi, Vestfjörðum og Tröllaskaga auk þess sem skólabifreiðar fara um slík svæði með nemendum. Aðrir skólar þurfa að huga að þessum kafla sérstaklega vegna ferða að vetri til svo sem í skíða- og brettaferðum. Einnig ef áætlað er að ferðast um fjallendi sérstaklega í eða í kjölfar á miklum rigningum.

Veðurstofa Íslands fylgist með hættu á ofanflóðum og má finna upplýsingar á heimasíðu þeirra [www.vedur.is](http://www.vedur.is) hver hættan er talin á þeim svæðum sem þeir vakta. Á landinu starfa snjóathugunarmenn, snjóflóðavakt er allan sólahringinn á Veðurstofu Íslands og einnig er rafræn vöktun á ákveðnum svæðum þar sem hægt er að fá smáskilaboð í síman þegar snjóflóðahætta breytist.

Rýmingarkort fyrir ákveðin byggðalög í landinu liggja fyrir og má finna og mikilvægt fyrir skóla að fara yfir rýmingaáætlanir í sínu byggðalagi þær má finna á heimasíðu almannavarna:

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/snjoflod/>

Ef lögreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er íbúum skylt að rýma hús sín. Almannavarnir í héraði opna fjöldahjálparstöð í *samvinnu* við Rauða krossinn og halda skráningu um dvalarstaði fólks þar til því er heimilt að fara til síns heima.

Í ferð á vegum skóla um svæði þar sem snjór er í fjöllum eða mishæðóttu landslagi skulu allir hafa

- Snjóflóðayla og kunna á notkun þeirra (sending - móttaka)
- Snjóflóðastöng
- Létta skóflu til moksturs

Einnig er gott að hafa snjóflóðapoka þegar aðstæður eru þannig.

Nauðsynlegt er að einstaklingur sem hefur þekkingu á ferðum í fjallendi að vetri til sé með í för og hjálpi til við undirbúning, leiðarval og fari yfir búnað með þeim sem eru að fara þannig að allir hafi grunnþekkingu á notkun búnaðarins ef hættu ber að höndum.

Orðskýringar:

Snjóflóðaylir	Lítið tæki sem einstaklingur getur sett innan klæða þegar farið er í ferð um snjóflóðasvæði. Ýlirinn þarf að vera stilltur á sendingu. Verði snjóflóð þurfa þeir sem ekki lentu í flóðinu, og eru á öruggu svæði, samstundis að slökkva á sínum ýli. Þeir sem fara til leitar stilla á móttöku. Athugið að ýlir á einhverjum sem ekki lenti í flóðinu, sem er á sendingu við leit getur truflað leitina. Farið vel yfir notkun snjóflóðayla áður en farið er um svæði þar sem snjóflóð geta fallið.
Snjóflóðastöng	Stöng sem leggja má saman og taka í sundur og er hentug til að stinga í snjóflóð til að leita að fyrirstöðu sem gæti verið einstaklingur sem fallið hefur í flóðið.
Snjóflóðapoki	Bakpoki sem blæs upp í snjóflóði og reynir að fleyta einstaklingi að yfirborði snjóflóðs.

Alltaf skal kanna aðstæður með snjóflóðahættu í huga fyrir för í fjallendi í snjó. Einnig þarf að huga að ofangreindum atriðum ef farið er út fyrir troðnar slóðir á skíðasvæðum“

## 7.1 ALMENNAR LEIÐBEININGAR

### Ferðalög

- Fara vel yfir aðstæður á áfangastað og ferðaleið af einstaklingi með færni til að meta hættu og með þekkingu á ferðum um fjallendi að vetri til
- Hafa samband við Veðurstofu Íslands til að kanna hættu á ofanflóðum ef ástæða er til (sjá kort um hættu á ofanflóðum)
- Kunna að lesa í landslag og forðast hættulega staði mt.t. snjóflóða-/skriðuhættu. Lítil snjóflóð geta reynst hættuleg í t.d. landslagsgildrum.
- Búa alla út með viðeigandi búnað og grunnþekkingu á hann miðað við þá ferð sem er fyrirhuguð
- Í hlýindum, vindi og rigningu, þegar snjóá leysir, ættu sérstaklega þeir sem ferðast til fjalla að vera á varðbergi vegna grjóthruns og skriða sem geta fallið úr bröttum vatnsósa hlíðum
- Vera meðvituð um grjóthrunshættu í bröttum hlíðum, bæði sem falla af náttúrulegum orsökum en einnig sem samferðamenn geta komið af stað.
- Hætta við ferð ef áhætta er talin of mikil.

### Þekkt snjóflóðasvæði

Bæði er átt við ef nærumhverfi skóla er á snjóflóðasvæði svosem í bæ sem og á daglegri ferðaleið nemenda og starfsmanna til og frá skóla.

- Í skólaakstri ber ökumaður hópferðabifreiðar ævinlega ábyrgð á farþegum sínum. Skóli getur ekki tekið fram fyrir hendur á ökumanni en mikilvægt að vera í góðu samstarfi til að tryggja samræmd vinnubrögð.
  - Fara yfir verkferla með ökumanni/mönnum sem aka með nemendur
  - Skýra fyrir nemendum verklag varðandi mætingar og skólasókn þegar ekki er hægt að aka vegna snjóflóðahættu
  - Fara yfir með nemendum hvað gerist ef snjóflóðahætta skapast á miðjum skóladegi til dæmis þannig að nauðsynlegt sé að fara fyrr heim
- Undirbúa hvað gerist ef nemendur lokast inni á skólasvæði vegna snjóflóða
- Skrá sig á lista fyrir smáskilaboð frá Vegagerðinni um snjóflóðahættu

### Sá sem lendir í snjóflóði skal:

- **Reyna að synða**  
Reyna eftir fremsta megni að halda sér upp úr flóðinu með því að taka sundtökin.
- **Öndunarvegur**  
Halda fyrir vit sín og reyna að koma í veg fyrir að þau fyllist af snjó ef borist er stjórnlaust með snjóflóðinu.
- **Snjóflóðið stöðvast**  
Hreyfa sig eftir fremsta megni þegar snjóflóðið tekur að stöðvast til að búa til rými til öndunar og hreyfingar.
- **Halda ró sinni**  
Haltu ró þinni. Ekki reyna að kalla á hjálp, fyrr en heyrst vel í leitamönnum. Mundu að þú heyrir betur í leitarmönnum en þeir í þér.
- **Trúin um að vera bjargað eykur lífslíkur til muna**
- **Ef menn eru með snjóflóðabakpoka þá á að reyna að sprengja hann út**

## Ef þú sérð einhvern lenda í snjóflóði

- **Finna miðunarstað**  
Miðaðu út þann stað, þar sem þú sást viðkomandi hverfa í snjóflóðið. Notaðu kennileiti til að miða út staðinn.
- **Tryggðu öryggi þitt**  
Gættu vel að öryggi þínu, annað snjóflóð gæti fallið í farveg hins eða umhverfis það.
- **Tilkynning**  
Tilkynntu um slysið tafarlaust til **112**.
- **Skyndikönnun**  
Ef engin hættu er talin á öðru snjóflóði skaltu tafarlaust hefja leit í yfirborði flóðsins, en þar má oft finna vísbendingar um hvar hinn grafni liggur.
- **Hjálpartæki**  
Notaðu hjálpartæki, ef þau eru til staðar, svo sem snjóflóðayla, snjóflóðastangir, rafmagnsrör, hrífusköft, skíðastafir eða þess háttar. Stingið þeim lóðrétt niður til að kanna fyrirstöðu. Ef hundur er til staðar skaltu láta hann hjálpa þér við leitina.
- **Fyrstu leitarstaðir**  
Fyrst í stað skaltu einskorða leitina við þá staði þar sem hraða- eða stefnubreyting hefur orðið á flóðinu, svo sem við kletta, beygjur, vegkanta o.þ.h. Einnig skal leita neðst í tungu flóðsins og upp eftir skriðu.



## Þegar lýst hefur verið yfir hættuástandi vegna snjóflóða

- **Forðist að vera utandyra**  
Gætið þess að vera sem minnst utandyra og alls ekki í fjalllendi þegar hættu er á snjóflóðum.
- **Dvalarstaður öryggisráðstafanir**  
Dveljið þeim megin í húsinu sem snýr undan fjallshlíðinni. Gluggum og millihurðum skal tryggilega lokað. Setjið hlera fyrir þá glugga sem að fjallinu snúa.
- **Kjallarar**  
Dveljið ekki í kjöllurum húsa nema þeir séu alveg niðurgrafnir og með steyptri loftplötu.
- **Stöðutilkynningar**  
Þeir sem búa eða dvelja afskekkt komi á síma- eða talstöðvasambandi við aðila utan hættusvæðis og láti heyra frá sér reglulega.  
Ef lögreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er íbúum skylt að rýma hús sín. Almannaþingin í héraði opna fjöldahjálparstöð og halda skráningu um dvalarstaði fólks þar til því er heimilt að fara til síns heima.

## Sá sem lendir í aurskriðu skal:

- **Krjúpa og verja höfuð**  
Krjúpa og verja höfuð sitt ef ekki er mögulegt að komast undan skriðunni
- **Leita til hátt liggjandi staða**  
Reyna að koma sér úr farvegi skriðunnar og leita til hátt liggjandi staða.
- **Húsaskjól**  
Leita skjóls í húsum og loka gluggum og millihurðum og dvelja þeim megin sem snýr undan fjallshlíðinni
- **Verið ekki utandyra**  
Haldið ykkur innandyra og farið alls ekki í fjalllendi þar sem hættu er á aurskriðum
- **Dvalarstaður – öryggisráðstafanir**  
Dveljið þeim megin í íbúðinni sem snýr undan fjallshlíðinni. Gluggum og millihurðum skal tryggilega lokað. Setjið hlera fyrir þá glugga sem snúa að fjallinu.

- **Kjallarar**  
Dveljið ekki í kjöllum húsa nema þeir séu alveg niðurgrafnir og með steyptri loftplötu.
- **Stöðutilkynningar**  
Þeir sem búa eða dvelja afskekkt komi á síma- eða talstöðvasambandi við aðila utan hættusvæðis og láti heyra frá sér reglulega.

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annarsstaðar á Internetinu.

## 7.2 LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK

### Ferð í fjallendi í snjó

- Hafið samband við Veðurstofu Íslands og kannið snjóflóðahættu á áætluðu ferðasvæði. Hlítið ráðum varðandi ferðatilhögun. Mikilvægt er aðað fararstjórar hafi menntun og reynslu í snjóflóðamálum og leiðarvali.
- Farið yfir allan búnað til fararinnar og tryggið að þátttakendur, nemendur og starfsmenn kunni á búnaðinn og viti hvernig skal hegða ferð um ferðasvæði
- Gætið þess að skráðar upplýsingar um alla einstaklinga í ferðinni liggi fyrir í skólanum

Fylgið þeim atriðum í þaula sem koma fram í almennum leiðbeiningum þessa kafla.

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annarsstaðar á Internetinu.

## 7.3 LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR (EKKI BIRT OPINBERLEGA)

- Virkja neyðarstjórn viðkomandi skólastofnunar eftir þörfum
- Samskipti við foreldra og aðstandendur eru í höndum neyðarstjórnar og þeirra sem hún tilnefnir til þess verkefnis eins og þurfa þykir.
- Hafa samráð við lögreglu vegna samskipta við aðstandendur
- Samskipti við lögreglu eru í höndum neyðarstjórnar og skólameistara
- Starfsmenn neyðarstjórnar fá upplýsingar og sjá um að halda boðleiðum opnum
- Senda viðeigandi tilkynningar til nemenda og starfsfólks í samráði við lögreglu
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla, hafa samráð við lögreglu varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla
- Upplýsa aðstandendur með þeim miðlunarleiðum sem henta best
- Hafa aðstandendalista tiltækan svo hægt sé með skjótum hætti að senda skilaboð eða veita lögreglu upplýsingar.



## 8 EITUREFNASLYS / - ATVIK

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla og slökkvilið kemur skal hlýða fyrirmælum þeirra.

Eiturefni geta verið í föstu, fljótandi eða gasformi.

Fylgist vel með tilkynningum í fjölmiðlum og farið eftir þeim leiðbeiningum sem þar eru gefnar. Hafið í huga að sum eiturefni eru lyktarlaus. Erfitt getur reynst í fyrstu að greina hvaða efni eru að valda slysi eða eitrunareinkennum og þar af leiðandi hvernig á að meðhöndla þá sem veikjast og hvaða ráðleggingar á að veita þeim sem staddir eru á hættusvæðum.

Í fréttatilkynningum gæti verið að finna upplýsingar um almenn viðbrögð, hættusvæði, eitrunar- eða sýkingareinkenni, staði þar sem mótefnum er dreift, hvar hægt er að finna lækniástoð ef þú ert með einkenni.

Á vefslóðinni <https://www.almannavarnir.is/utgefid-efni/?wpdmc=heilbrigdisaetlanir> er að finna viðbragðsáætlun almanna- og eiturefnatilkynninga sem vert er að kynna sér.

### 8.1 ALMENNAR LEIÐBEININGAR

- Ef þú verður var við eða kemst í snertingu við óvenjuleg efni eða lykt komdu þér þá í burtu eins fljótt og þú getur
- Reyndu að setja klút eða klæði fyrir vit þér (munn og nef) sem þú getur andað í gegnum, til dæmis handklæði, bómullarflík eða annað viðlíka.
- Hringdu í 112 og óskaðu eftir slökkviliði og lögreglu, upplýstu um hvað gerðist, hvernig, hvenær og u.þ.b. hversu margir slasaðir
- Notaðu þar til gerðar andlitsgrímur ef þú hefur aðgang að slíku eða hefur fengið slíkt úthlutað
- Ef þú telur þig hafa orðið fyrir mengun, farðu þá úr menguðum fatnaði og öðrum persónulegum munum, settu mengaðan fatnað og hluti í plastpoka sem hægt er að loka, farið eftir leiðbeiningum yfirvalda um meðferð á menguðum hlutum.
- Þvoðu þér með hreinu vatni og sápu og klæddu þig í hreinan fatnað
- Láttu yfirvöld skólans vita
- Leitaðu lækniástoðar. Þér gæti verið ráðlagt að halda þér frá öðru fólki til að draga úr líkum á að þú dreifir eiturefnamengun eða vegna smithættu.
- Ef einkenni sem þú hefur eru samskonar og þau sem tilkynnt hafa verið um og möguleiki er á að þú tilheyrir þeim hópi sem gæti hafa sýkst eða mengast
- Fylgdu leiðbeiningum viðbragðsaðila, lækna, heilbrigðisstarfsfólks og annarra sem hafa það hlutverk að aðstoða
- Gerðu ráð fyrir að undirgangast læknisskoðun og meðferð
- Forðastu að leita á staði þar sem margir eru saman komnir
- Þvoðu þér um hendur með vatni og sápu eins oft og mögulegt er
- Deildu ekki matvælum eða áhöldum til neyslu matvæla
- Ekki senda myndir af slyssað á samfélagsmiðla eða upplýsingar áður en aðstandendur hafa verið upplýstir.

## Í eiturefna slysi / - atviki

Þú:	Þá:
Færð fyrirmæli um að fara út af hættusvæði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Farðu strax út af hættusvæði</li> <li>• Fylgist með upplýsingum varðandi rýmingu, rýmingarleiðir, fjöldahjálparstöðvar, hreinsistöðvar og öðrum fyrirmælum í fjölmiðlum (útvarpi, netmiðlum eða sjónvarpi)</li> <li>• Ef þú hefur tíma, lokaðu gluggum og hurðum, slökktu á loftræstingum og lokaðu loftlúgum til þess að draga úr mengun innandryra</li> <li>• Taktu með þér neyðarútbúnað, ef hann er tiltækur</li> <li>• Aðstoðaðu þá sem eru þér nálægir og aðra sem þú sér að þurfa aðstoð að halda.</li> </ul>
Ert utandyra	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Komdu þér á stað þar sem vindur blæs frá mengunaruppsprettu og er hærra í landslaginu. Reyndu að koma þér sem fyrst í a.m.k. 1 km í burtu frá hættusvæði.</li> <li>• Ekki stíga í eða snerta neina vökva eða efni sem sýnilega hafa spillst niður. Forðastu að anda að þér gufum, reyk eða úða með því að setja klút, grímu eða annað tiltækt fyrir vit þér á leið út af hættusvæði</li> <li>• Forðastu að koma nálægt þeim sem hafa slasast í eiturefnaslysi eða atviki þar til vitað er um hverskonar eiturefni er að ræða og hvernig á að meðhöndla þolendur</li> </ul>
Ert í ökutæki	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stöðvaðu ökutækið og leitaðu skjóls í öruggri byggingu</li> <li>• Ef þú neyðist til að halda til í ökutæki, hafðu bílrúður lokaðar og slökktu á miðstöð</li> </ul>
Færð fyrirmæli um að halda þig innandryra	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Taktu gælurdýr inn</li> <li>• Lokaðu og læstu öllum hurðum og gluggum sem snúa út. Slökktu á loftræstingum og lokaðu loftlúgum. Lokaðu einnig herbergishurðum.</li> <li>• Slökktu á loftræstikerfum eða stilltu loftræstikerfi þannig að það dragi ekki inn loft að utan.</li> <li>• Andaðu í gegnum klút eða andlitsgrímu ef þig grunar að mengað loft eða gufur hafa komist inn í húsnæði</li> <li>• Forðastu að neyta matvæla sem gætu verið menguð</li> <li>• Þéttu allar rifur við hurðir og glugga með rökum handklæðum, límbandi eða öðrum þéttiefnum</li> </ul>

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annarsstaðar á Internetinu.

## 8.2 LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK (EKKI BIRT OPINBERLEGA)

- Reyna að koma nemendum burt frá hættunni
- Hafa samband við Neyðarlínu síma 112
- Hafa strax samband við stjórnendur skólastofnunar
- Meta hvort einhver er alvarlega slasaður og hvort hægt sé að veita almenna skyndihjálp
- Aðstoða viðbragðsaðila á vettvangi
- Reyna skal eftir föngum að halda nemendum frá ljótum aðstæðum og viðkvæmum vettvangi
- Starfsfólk skal sinna öðrum verkefnum og hlutverkum samkvæmt viðbragðsáætlun skólans þar til viðbragðsaðilar koma á vettvang
- Láttu yfirvöld vita ef þú telur að einhver mengun sitji eftir þegar aðgerðum er lokið
- Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á Internetinu.

## 8.3 LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR

- Virkja neyðarstjórn viðkomandi skólastofnunar
- Samskipti við foreldra og aðstandendur eru í höndum neyðarstjórnar og þeirra sem hún tilnefnir til þess verkefnis eins og þurfa þykir.
- Hafa samráð við lögreglu vegna samskipta við aðstandendur
- Samskipti við lögreglu eru í höndum neyðarstjórnar og skólameistara
- Starfsmenn neyðarstjórnar fá upplýsingar og sjá um að halda boðleiðum opnum
- Senda viðeigandi tilkynningar til nemenda og starfsfólks í samráði við lögreglu
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla, hafa samráð við lögreglu varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla
- Upplýsa aðstandendur
- Hafa aðstandendalista tiltækan svo hægt sé með skjótum hætti að senda skilaboð eða veita lögreglu upplýsingar
- Fáðu leiðbeiningar eða aðstoð varðandi hreinsun og ræstingu í kjölfar eiturefnaatviks

## 9 SÝKLAR

Þessi kafli fjallar um leiðbeiningar til skóla þegar gefin hefur verið út almannavarnarviðvörðun um sýklasmít (veirur og sýkingar), flokkað á óvissustig, hættustig eða neyðarstig. Sjá landsáætlun vegna heimsfaraldurs og frekari leiðbeiningar á vef embættis landlæknis: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Skólameistari er alla jafna öryggisvörður skóla eða annar stjórnandi sem hann tilnefnir. Öryggisvörður er ábyrgur fyrir því að viðbragðsleiðbeiningum sé fylgt.

Fylgjast skal með tilkynningum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis frá því að atburðarás hefst. Upplýsingar um viðbúnaðarstig er að finna á heimasíðum beggja embætta. Nauðsynlegt er að fylgjast með fyrirmælum frá aðilum og ganga þau fyrirmæli fyrir þessum leiðbeiningum ef þær skarast.

Viðbragðsleiðbeiningar skóla tengjast viðbragðsáætlun skóla og fara þessi tvö skjöl saman.

### 9.1 ALMENNAR LEIÐBEININGAR

Í þessum kafla eru leiðbeiningar fyrir hvernig bregðast skal við almannavarnarstigi sem flokkast í óvissustig, hættustig og neyðarstig sem lýst er yfir af landlæknisembættinu.

#### Óvissustig

- Viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar skólans yfirlesnar og uppfærðar á heimasíðu skólans. Dagsetning uppfærslu skráð.
- Skólinn er í samstarfi við heilbrigðismenntaðan starfsmann við undirbúning.
- Allir starfsmenn, nemendur og aðstandendur nemenda undir lögaldri upplýstir um uppfærðar viðbragðsleiðbeiningar og hvar þær er að finna.
- Öryggisvörður vaktar upplýsingagjöf um stöðu mála hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og hjá landlæknisembættinu.
- Hættustig undirbúið.

#### Hættustig

- Skólinn uppfærir upplýsingar um stöðu mála að höfðu samráði við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis og birtir á heimasíðu sinni.
- Upplýsingum komið á framfæri innan skólans til starfsmanna, nemenda og forráðamanna nemenda undir lögaldri um hvernig verjast megi smiti.
- Mikilvægt að skólanum séu tilkynnt öll veikindi nemenda og starfsmanna og þau skráð formlega.
- Viðbrögð skilgreind við því þegar nemendur og starfsfólk taka að veikjast.
- Neyðarstig undirbúið

#### Neyðarstig

- Aðgerðum vegna sóttvarna hrint í framkvæmt samkvæmt kafla 9.4 og fylgt fast eftir.
- Skólinn mun halda úti starfsemi eins lengi og unnt er.
- Skólinn lokar komi ákvörðun um það frá yfirvöldum.
- Upplýsingar um stöðu mála stöðugt uppfærðar í samráði við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis og birtar á heimasíðu skólans.

## 9.2 LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK

Pennan gátlista skal öryggisvörður sjá um að starfsmenn fái ásamt ítrekun um að grípa til viðeigandi ráðstafana þegar breytingar verða á hættustigi almannavarna.

Öryggisvörður sendir starfsfólki smáskilaboð (SMS) um hættustig almannavarna og ítrekar við starfsfólk að fylgja viðbragðsáætluninni í samræmi við gátlistann.

### Óvissustig

- Fara yfir uppfærða viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar skólans.
- Skólastjórnendur fá heilbrigðismenntaðan starfsmann til að vinna með skólanum að undirbúningi.
- Náms- og starfsráðgjafi metur stöðu á viðkvæmum nemendum og hefur sérstaka upplýsingagjöf til þeirra og eftirfylgni.
- Áfangastjóri skal halda utan um fjarvistir starfsmanna og nemenda daglega, skrá niður ástæður fjarvista og áætla a.m.k. 7 daga fjarvistir starfsmanna sem greinst hafa sýktir.
- Upplýst um öryggisvörð skólans og aðra er skipa neyðarstjórn skólans. (5.1 Neyðarstjórn).
- Öryggisvörður upplýsir um hvernig upplýsingakerfi skólans verða nýtt við hættustig og neyðarstig.
- Hættustig undirbúið

### Hættustig

- Starfsfólk fær fræðslu vegna sóttvarna sbr. kafla 9.4.
- Starfsmenn og nemendur hvattir til þess að vera ekki á ferli í skólanum að óþörfu.
- Starfsfólk getur átt von á að vera fært til í starfi til að sinna áriðandi verkefnum sem hafa forgang.
- Í samræmi við starfslýsingar eru stjórnendur og náms- og starfsráðgjafi með staðgengil sem á að geta leyst af í fjarvistum þannig að samfella sé í starfi þrátt fyrir hættuástand.
- Þjálfun starfsmanna til staðgengilsstarfa hafin og undirbúin breyting á staðsetningu starfsmanna sem og þjónustu skólans.
- Verklagsreglur um tíðari þrif á algengum snertiflötum, t.d. hurðarhúnum og handriðum kynntar.
- Fylgja ber fyrirmælum sóttvarnalækni hjá landlækniembættinu hverju sinni varðandi ferðalög innanlands sem utan. Taka skal tillit til þess að fólk vill síður ferðast innan um aðra þegar faraldur geisar. Hafa verður einnig í huga að flugvellir og landamæri geta lokast vegna heimsfaraldurs.
- Neyðarstig undirbúið.

### Neyðarstig

- Þjónustu breytt gagnvart nemendum í samræmi við aðstæður, fjarskiptatækni nýtt eins og frekast er unnt.
- Skipuleggja nám nemenda í heimanámi.
- Fundum og ferðalögum skal haldið í lágmarki og eingöngu ef nauðsyn krefur. Starfsfólk er hvatt til að nota síma og tölvur til samskipta eins og frekast er unnt.
- Staðsetning starfsmanna metin.
- Um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsmanna gilda ákvæði kjarasamninga. Skólameistari getur þó gefið út rýmri reglur hvað þetta varðar telji hann nauðsynlegt að mæta þörfum starfsfólks vegna umönnunar barna eða náinna ættingja.
- Aðgerðum vegna rekstrarlegra þátta hagað samkvæmt verklagsáætlun skólans.

### 9.3 LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR

Neyðarstjórn er skilgreind í viðbragðsáætlun skólans.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að skólinn miðli vönduðum leiðbeiningum og ráðgjöf með það að markmiði að draga úr ótta og auka þekkingu á sóttvarnaráðstöfunum.

#### Óvissustig

- Útnefning/skilgreining öryggisvarðar og annarra er skipa neyðarstjórn skólans yfirfarin og staðfest samkvæmt viðbragðsáætlun kafla 5.1 Neyðarstjórn.
- Tengsl skólans við almannavarnaráætlanir yfirfarnar og skráðar.
- Yfirfara viðbragðsleiðbeiningar og staðfesta.
- Upplýsingar um lykilstarfsemi yfirfarnar og uppfærðar í viðbragðsáætlun skólans (sjá 5.0 Innra skipulag).
- Allar boðleiðir yfirfarnar.
- Birgðir skilgreindar og yfirfarnar.
- Öryggisvörður ber ábyrgð á að tryggja að upplýsingar séu settar fram tímanlega, á skýran og samhæfðan hátt.
- Öryggisvörður skal kanna skal birgðir á hreinlætisvörum eins og sápu, sótthreinsispritti, handþurrkum, ræstingavörum o.þ.h. og sjá til þess að pantað sé inn á lager ef til þess kæmi að birgjar loka.
- Verklagsreglur um tíðari þrif á algengum snertiflötum, t.d. hurðarhúnum og handriðum skilgreindar.
- Skólameistari/öryggisvörður er ábyrgur fyrir því að starfsmenn skólans komi einhuga fram og að tryggja skilvirka upplýsingamiðlun til starfsmanna og nemenda ásamt því að fyrirbyggja ótta.
- Hættustig undirbúið.

#### Hættustig

- Öryggisvörður skal hafa umsjón með að vakta daglega hver tilmæli almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og landlæknis/sóttvarnalæknis eru, eftir að viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð, t.d. á vefsíðum eins og landlaeknir.is, influenza.is og almannavarnir.is.
- Fjölmiðlafulltrúi skal sjá til þess að koma fréttum og skilaboðum áleiðis til allra starfsmanna skólans samkvæmt viðbragðsáætlun kafla 5.4 Fjölmiðlar.
- Skilgreina verklagsreglur um hvernig brugðist er við ef starfsfólk og nemendur fara að veikjast, t.d. ef beiðnir koma frá foreldrum um að hafa börn heima þrátt fyrir að skóli starfi.
- Kerfisstjóri fer yfir áreiðanleika Internetsambands, hefur samband við rekstraraðila netkerfa og óskar eftir áætlunum varðandi að tryggja uppítíma Internets og reksturs tölvukerfa skólans.
- Gera áætlun um hvernig nýta megi sem best upplýsingakerfi skólans svo sem símasvörun tölvupóst, nettengd kennslukerfi og heimasíðu.
- Verklagsreglur um tíðari þrif á algengum snertiflötum, t.d. hurðarhúnum og handriðum skilgreindar.
- Birgðir af skrifstofuvörum svo sem ljósritunarpappír, blekhylkjum kannaðar og tryggt að til sé á lager nægjanlegt magn sem dugar í u.þ.b. 2 mánuði.
- Í samræmi við starfslýsingar eru öryggisvörður, stjórnendur ásamt náms- og starfsráðgjafa með staðgengil sem á að geta leyst af í fjarvistum þannig að samfella sé í starfi þrátt fyrir hættuástand.
- Undirbúningur hafinn að birgðasöfnun.
- Skilgreint hvernig skuli fækka fundum og ferðalögum á neyðarstigi.
- Hafinn undirbúningur að rýmkun veikindaleyfa í samráði við ráðuneyti og hagsmunaaðila.
- Gera áætlun um öryggi húseignar og búnaðar skólans komi til lokunar hans.
- Framkvæmd rekstrarlegra þátta samkvæmt viðbragðsáætlun skólans undirbúin.
- Skilgreint hvort breyta þurfi rekstri mötuneytis við hættustig og neyðarstig. Upplýsa viðeigandi aðila ef við á.

- Upplýsa starfsfólk, nemendur og aðstandendur um stöðuna á yfirvegaðan og róandi hátt, undirbúa alla undir lokun skóla.
- Neyðarstig undirbúið.

### Neyðarstig

- Hafa samband við þau yfirvöld almannavarna sem skólinn heyrir undir. Halda úti miklum áróðri fyrir að allir viðhafi persónulegar smitvarnir, handþvott og byrgingu hnerra og hósta. Allir hvattir til að vera heima finni þeir til veikinda sem einkenna faraldurinn.
- Lykilstjórnendum og sem flestum starfsmönnum gert kleift að vinna heima.
- Í þeim tilvikum sem hægt er að koma því við verður starfsmönnum gert kleift að vinna heiman frá sér. Eins verður möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma þar sem það hentar frekar.
- Í skæðum faraldri gæti þurft að afboða fundi og afgreiða erindi eingöngu með fjarskiptum. Læsa þarf þá skólanum og hindra aðgengi í húsinu.
- Birgðir tryggðar.

## 9.4 LEIÐBEININGAR VEGNA AUKINNAR HÆTTU VEGNA SMITS

### Eyðing smitefnis

Sjá nánar hjá embætti landlæknis [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Heilsufarsleg atriði starfsmanna og reglur um þrif og meðhöndlun úrgangs sjá nánar á vef embættis landlæknis.

Tenglar fyrir allar frekari upplýsingar:

[www.who.int](http://www.who.int)

[www.ecdc.eu](http://www.ecdc.eu)

[www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

## 10 GEISLAVÁ-ATVIK

Varla er hugsanlegt að atvik sem veldur geislavá gagnvart almenningi verði hér á landi. Kjarnorkuver eru öll víðsjarri en á nokkrum stöðum hérlandis eru í notkun geislalindir (geislavirk efni). Nokkrar þeirra eru það öflugar að almenningi gæti stafað af þeim ógn væri þeim beitt í glæpsamlegum tilgangi. Hugsanlegt væri að dreifa geislavirkum efnum til að valda ótta og jafnvel hættu. Þá er ekki hægt að útiloka með öllu að mökkur af geislavirkum efnum gæti borist frá fjarlægum slysstað. Í slíkum tilvikum bæri að leita skjóls innandyra, halda sig þar, fylgjast með og fylgja leiðbeiningum frá til þess bærum stjórnvöldum.

### 10.1 ALMENNAR LEIÐBEININGAR

- Rýmið hættusvæðið og hringið í 112
- Látið aldrei tilvist geislavirkra efna eða grun þar um tefja fyrir lífbjörgun eða aðstoð við slasaða.
- Lífbjörgun ef hægt er (fólk sem grunur leikur á að sé mengað af geislavirku efni verður að vera hreinsa (þrif) eins fljótt og mögulegt).
- Lokaðu svæðinu.
- Varaðu fólk í nágrenninu við.
- Eyddu eins litlum tíma á mengaða svæðinu eins og hægt er (láttu viðbragðsaðila skiptast á) (konur á barneignaaldri eiga ekki að vera á hættusvæðinu).
- Snertu ekki við hlutum á hættusvæðinu.
- Láttu vita af að ekki má borða, drekka eða reykja án þess að þvo sér vandlega um hendur og andlit.
- Ef atvikið gerist innandyra:
  - Lokið byggingunni.
  - Lokaðu hurðum og gluggum.
  - Slökkvið á loftræstikerfi / loftræstingu.

Lífsbjargandi aðstoð:

- Fjarlægðu sjúklinginn frá geislalindinni eða lindina frá sjúklingnum ef hægt er. E.t.v. er mögulegt að koma upp skýlingu umhverfis lindina.
- Fjarlægðu fatnað + skó án þess að draga yfir höfuðið. Klippið föt.
- Skolið líkamann með vatni (ef mögulegt er). Hitað vatn ef mögulegt.
- Þvoðu eða skolaðu andlit og hendur til draga úr hættu á innöndun eða inntöku efnanna.
- Vefðu sjúklinginn í teppi til að forðast kælingu.

### 10.2 LEIÐBEININGAR FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK

- Reyna að koma nemendum burt frá hættunni.
- Hafa samband við neyðarlínu síma 112 eða lögreglu.
- Hafa strax samband við stjórnendur skólastofnunar.
- Meta hvort einhver er alvarlega slasaður og veita almenna skyndihjálp.
- Aðstoða lögreglu og aðra viðbragðsaðila á vettvangi.
- Reyna skal eftir föngum að halda nemendum frá ljótum aðstæðum og viðkvæmum vettvangi.
- Starfsfólk skal sinna öðrum verkefnum og hlutverkum samkvæmt viðbragðsáætlun skólans þar til lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á vettvang.
- Láttu yfirvöld vita ef þú telur að einhver mengun sitji eftir þegar aðgerðum er lokið.
- Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á Internetinu.



### 10.3 LEIÐBEININGAR FYRIR NEYÐARSTJÓRN SKÓLASTOFNUNAR

- Hringið í 112
- Virkja neyðarstjórn viðkomandi skólastofnunar
- Samskipti við foreldra og aðstandendur eru í höndum neyðarstjórnar og þeirra sem hún tilnefnir til þess verkefnis eins og þurfa þykir.
- Hafa samráð við lögreglu vegna samskipta við aðstandendur
- Samskipti við lögreglu eru í höndum neyðarstjórnar og skólameistara
- Starfsmenn neyðarstjórnar fá upplýsingar og sjá um að halda boðleiðum opnum
- Sendu viðeigandi tilkynningar til nemenda og starfsfólks í samráði við lögreglu
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla, hafa samráð við lögreglu varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla
- Upplýsa aðstandendur
- Hafa aðstandendalista tiltækan svo hægt sé með skjótum hætti að senda skilaboð eða veita lögreglu upplýsingar
- Fáðu aðstoð við að hreinsa mengað svæði

## 11 VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFÖLLUM

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur skal hlýða fyrirmælum hennar

Í þessum kafla er fjallað um fyrstu viðbrögð skóla við áföllum sem snerta nemendur eða starfsmenn skóla. Skólameistari fer með stjórn neyðarstjórnar og kallar hana saman þegar þörf krefur. Hlutverk neyðarstjórnar er að virkja viðbragðsáætlun skólans svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við, þegar áföll hafa orðið, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Áætlunin felur í sér hvað skuli gera, í hvaða röð og hver sinni hvaða hlutverki.

Dæmi um áföll eru:

- Slys/alvarleg veikindi nemanda/starfsmanns í skóla/utan skóla.
- Andlát meðal starfsfólks, maka starfsfólks, barna starfsfólks, nemenda, foreldra nemenda og/eða systkina.
- Aðrir ógnvekjandi atburðir sem snerta hóp starfsmanna eða nemenda s.s. ef eldur kemur upp í húsnæði skólans, náttúruhamfarir eða stórslys.

Miklu máli skiptir að kennarar eða starfsmenn sem veita áfallahjálp séu rólegir og gefi sér nægan tíma. Mikilvægt er að sá sem verður fyrir áfalli finni að hann sé öruggur og geti treyst þeim sem eru hjá honum og að farið sé á afvikinn stað svo að viðkomandi verði ekki fyrir truflun. Sá sem fyrir áfalli verður þarf að finna fyrir hlýju, vinsemd, fá virka hlustun sem felur í sér skilning, stuðning og viðurkenningu og líkamlegri nálægð. Staðreyndir þarf að skýra og reyna að fá þolandann til þess að horfast í augu við raunveruleikann, jafnframt því sem að viðhalda raunsærri von. Honum er nauðsyn að fá að hafa möguleikann á því að tjá sig um reynslu sína til að koma skipulagi á tilfinningar sínar og hugsun.

Ef slys hefur borið að höndum í skóla hefur það vitaskuld forgang að veita líkamlega skyndihjálp, kalla til sjúkralið en einnig tryggja eftir föngum að ekki fari örökstuddar fréttir af atburðinum milli manna.

Sálræn skyndihjálp felst í því að kennarar og starfsmenn skóla hlúi að og séu til staðar með því að beita virkri hlustun, róa og hugga nemendur og starfsfólk og leyfa þeim að fá sem eðlilegasta útrás fyrir tilfinningar sínar sem geta birst á mismunandi hátt, m.a. sem grátur, ógleði, skjálfti og köfnunartilfinning en geta líka verið doði, tómléikartilfinning, fólksfælni og þörf fyrir einveru. Leggja skal alla áherslu á það sem er hér og nú og sýna umhyggju og viðveru með því að leyfa einstaklingnum að tala án þess að beita þrýstingi.

Eftirsóknarvert er að starfsfólk fái kynningu og/eða námskeið um sálræna skyndihjálp þannig að það geti betur brugðist við þegar á reynir.

### 11.1 FYRSTU VIÐBRÖGÐ

- Sá sem fyrstur fær upplýsingar um dauðsfall eða alvarlegt slys kemur þeim til yfirstjórnar skólans. Upplýsingar fara ekki lengra fyrr en skólameistari hefur gefið fyrirmæli svo um.
- Yfirstjórn skólans aflar staðfestra upplýsinga hjá lögreglu/forráðamönnum eða öðrum sem málið varðar. Foreldri/forráðamaður jafnvel fenginn á staðinn.
- Skólameistari kallar neyðarstjórn skólans saman á fund þar sem verkum er skipt og fyrstu aðgerðir ákveðnar. Fyrsti fundur ætti að vera stuttur, þar sem verkum er skipt og fyrstu aðgerðir skólans ákveðnar.
- Einhver úr neyðarstjórn og námsráðgjafi kalla til nemanda (ef um slíkt mál er að ræða) og flytur honum fregnir af andláti/slysi. Hlúð er að nemandanum eins og unnt er og leitað aðstoðar eftir því sem hæfir hverju sinni.
- Skólameistari kallar kennara og aðra starfsmenn skólans saman til að tilkynna hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum.

- Skólameistari sér um að upplýsingar berist til alls starfsfólks skólans, s.s. starfsfólks í nemendaeldhúsi, á bókasafni, í starfsmannaeldhúsi, í íþróttahúsi, á skrifstofu, ræstingarfólks og húsvarðar. Mikilvægt er að umsjónarkennari/ar þess/þeirra nemenda er málið varðar fái upplýsingar sem fyrst. Hringja þarf í þá sem ekki eru á staðnum.
- Athuga þarf hvort einhver nemandi/nemendur/starfsmaður/starfsmenn tengjast atburðinum/slysinu/dauðsfallinu sérstaklega og þurfi að fá upplýsingar um atburðinn í einrúmi áður en nemendahópnum er tilkynnt um það sem gerst hefur.

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annarsstaðar á Internetinu.

## 11.2 VIÐBRÖGD VIÐ ANDLÁTI

- Hefjast strax handa! Erfitt er að leiðrétta sögusagnir eftir á, því verður að bregðast skjótt við.
- Fáðu staðfestingu á andláti hjá aðstandendum, lögreglu, sjúkrahúsi eða prest
- Skólameistari/aðstoðarskólameistari hefur samband við námsráðgjafa/umsjónarkennara til að annast persónuleg mál nemenda sem tengist áfallinu
- Neyðarstjórn skólans er kölluð saman ef sá látni er nemandi skólans eða starfsmaður. Farið yfir verkaskiptingu og aðgerðir skólans
- Samskipti við fjölskyldu þess látna (ef um nemanda er að ræða) eru í höndum námsráðgjafa/skólastjórnenda sem njóta aðstoðar umsjónarkennara ef þurfa þykir.
- Öll samskipti við lögreglu og fjölmiðla eru í höndum skólameistara
- Húsvörður flaggar fána skólans í hálfá stöng að tilkynningu lokinni og eins á útfarardegi
- Ef skólanum berst tilkynning um áfall er snertir nemandi skólans skal tilkynna neyðarstjórn skólans um það um leið og upplýsingar berast. Einnig skal skólameistari/aðstoðarskólameistari tilkynna kennurum sem kenna viðkomandi nemanda um atburðinn eins fljótt og auðið er

## 11.3 VIÐBRÖGD VIÐ ANDLÁTI NEMANDA

- Skólameistari/aðstoðarskólameistari tilkynnir neyðarstjórn skólans um atburðinn
- Skólameistari kallar starfsmenn skólans saman þar sem þeim er tilkynnt hvað gerst hefur og hver viðbrögð skólans muni vera
- Skólameistari/aðstoðarskólameistari, umsjónarkennari og námsráðgjafi segja nemendum frá atburði í skólastofu og/eða á sal. Gæta þarf þess að allir nemendur fái fregnina á svipuðum tíma. Gefa verður einstökum nemendum kost á að ræða um atburðinn og líðan sína. Hugsanleg eftirfylgd við einstaka nemendur/nemendahópa
- Skólameistari/aðstoðarskólameistari eða námsráðgjafi hafi samband við fjölskyldu hins látna sem fyrst (til dæmis með heimsókn og/eða blómasendingu) og rætt um hvernig skólinn minnist hins látna
- Samúðarkveðjur frá samnemendum og skóla
- Minningarathöfn í skóla eða kirkju í samráði við prest og fjölskyldu
- Minningargrein birt í blaði sem kveðja frá skóla
- Kennsla felld niður eftir hádegi útfarardag
- Nemendur fái að tjá sig um fráfalið þó einhver tími sé liðinn

## 11.4 VIÐBRÖGD VIÐ ANDLÁTI STARFSMANN

- Samstarfsmönnum strax tilkynnt um andlátíð
- Samband er haft við aðstandendur, til dæmis með heimsókn og/eða blómasendingu
- Fulltrúar skólans bjóða aðstoð við útfararundirbúning og útför
- Minningarathöfn um hinn látna haldin í skólanum eða kirkju fyrir nemendur
- Samstarfsmenn sjái til þess að minningargrein eða kveðja birtist í blaði og/eða á heimasíðu skólans.
- Kennsla felld niður eftir hádegi útfarardag

## 11.5 VIÐBRÖGÐ VIÐ ANDLÁTI NÁKOMINS ÆTTINGJA NEMANDA

- Skólameistari/aðstoðarskólameistari tilkynnir neyðarstjórn skólans og kennurum sem kenna viðkomandi nemanda, um atburðinn.
- Skólastjórnendur/námsráðgjafi og umsjónarkennari tilkynni samnemendum viðkomandi nemanda hvað gerst hafi (eftir atvikum).
- Farið sé með blóm/minningargjöf frá skólanum/skólafélögum (við foreldramissi) og hafi námsráðgjafi/skólastjórnendur/umsjónarkennari samband við hlutaðeigandi nemanda og kanni líðan hans og undirbúi komu hans í skólann.
- Kannaður verði vilji nemandans til frekari viðbragða og óskir hans virtar.

### Fyrstu viðbrögð kennara í kennslustund eftir válegan atburð:

Eftir að válegur atburður hefur átt sér stað er mjög mikilvægt að kennara sé auðveldað eins og kostur er að koma inn í kennslustund. Gott er að fyrir liggja nokkur vel valin orð sem hann getur stuðst við í upphafi, t.d. ef dauðsfall hefur átt sér stað. Dæmi:

A.

*Kæru nemendur!*

*Ég flyt ykkur sorgarfregnir. Við höfum fengið vitneskju um það að nemandinn / kennarinn xxxxxxx hafi lent í alvarlegu slysi. Samkvæmt heimildum okkar liggur hann / hún á sjúkrahúsi og er ástand hans / hennar mjög alvarlegt.*

*Ég vil biðja ykkur öll að hugsa vel til hans / hennar. Ef þið hafið einhverjar fleiri spurningar bendi ég ykkur á að hafa samband við eftirfarandi aðila sem sitja í neyðarstjórn skólanseru skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra eða náms- og starfsráðgjafa.*

B.

*Kæru nemendur!*

*Ég flyt ykkur sorgarfregnir. Nemandinn /Kennarinn xxxxxx lést í dag / í gær af völdum slyss / vegna sjúkdóms.*

*Ég vil biðja ykkur öll að hugsa til hans / hennar með hlýhug og þakka fyrir þann tíma sem leiðir ykkar lágu saman. Einnig sendum við fjölskyldunni hugheilar samúðarkveðjur.*

*Ef þið hafið einhverjar fleiri spurningar bendi ég ykkur á að hafa samband við eftirfarandi aðila sem sitja í neyðarstjórn skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra eða náms- og starfsráðgjafa.*

[Nafn skóla] samþykkir að innleiða þessar viðbragðsleiðbeiningar og mun yfirfara hvern kafla á að minnsta kosti fimm ára fresti ásamt því að æfa viðbrögð. Í hvert skipti skulu skráð frávík og úrbætur um hverja æfingu og yfirferð. Úrbætur skulu hafa verið gerðar eigi síðar en þremur mánuðum eftir æfingu/yfirferð. Athugasemdir um meginefni skulu sendar almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og mennta- og menningarmálaráðuneyti sem munu í samstarfi við taka ákvörðun um hvort efninu sé breytt.

---

Skólameistari

**12 VIÐAUKAR****12.1 BREYTINGASAGA**

Breytingar	Dagsetning	Nafn